

# Samningur

UM STYRK TIL ORKUSKIPTA

OS2022010108

Orkusjóður, kt. 500269-5029, Rangárvöllum, 603 Akureyri, í samningi þessum nefndur styrkveitandi og Norðurþing, kt. 640169-5599, Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík, í samningi þessum nefndur styrkþegi, gera með sér svofelldan

## Samning

Styrkuppþæð: 1.518.226 kr.

### Inngangur

Verkefnið „Orkuskipti 2022“ er átaksverkefni stjórnvalda í samræmi við áherslur um orkuskipti og nýtingu endurnýjanlegrar orku og eru styrkirnir veittir á grundvelli laga, nr. 76/2020, um Orkusjóð. Styrkirnir voru auglýstir á hefðbundinn hátt, með vísan til reglugerðar, nr. 185/2016, um Orkusjóð.

### 1. gr. Framkvæmd

Framkvæmd verkefnisins skal vera í samræmi við þau markmið, áætlanir, upplýsingar og greinargerðir, sem tilgreindar voru í styrkumsókninni og fylgiskjölum hennar. Sjái styrkþegi fram á að frávík verði frá þeim gögnum skal styrkþegi þegar tilkynna Orkusjóði og leita samþykkis fyrir slíkum breytingum á verkefninu fyrirfram.

Forsvarsaðili verkefnis:

Jónas Hreiðar Einarsson jonas@nordurthing.is

Verkið skiptist eftirtalda verkþætti:

- **22 kW hleðslustöð fyrir rafbíla, Raufarhöfn**
- **22 kW hleðslustöð fyrir rafbíla, Kópasker**

### 2. gr. Fjármögnun

Með undirskrift samnings þessa, staðfestir styrkþegi, að heildarfjármögnun verkefnisins hafi gengið eftir eins og ráð var fyrir gert í umsókn. Frávík sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins, umfang og/eða áætlaða verkþætti, þarf að tilkynna Orkusjóði sérstaklega og þurfa þau að hljóta samþykki sjóðsins áður en vinna við verkefnið hefst, enda geta þau þar með haft áhrif á styrkuppþæð vegna verkefnisins.

### 3. gr. Greiðsla styrksins

Styrkuppþæðin greiðist við lok hvers verkþáttar. Styrkþegi sendir þá Orkusjóði yfirlit sem sýnir að uppsetningu og frágangi er að fullu lokið, ásamt greiðslubeiðni, lokaskýrslu og endanlegu kostnaðaruppgjöri fyrir viðkomandi verkþátt sem staðfesti að viðkomandi verkþætti er þar með lokið. Styrkuppþæð miðast við áætlaðan kostnað eins og hann var tilgreindur í umsókn. Tilgreind styrkuppþæð á bls. 1 er því hámarksuppþæð. Verði kostnaður lægri en áætlað var, endurreiknast uppþæðin í samræmi við forsendur auglýsingar: 50% styrkhlutfall.

### 4. gr. Skyldur styrkþega

Styrkþega ber að afhenda Orkusjóði undirritaðan samning eigi síðar en tveimur mánuðum eftir dagsetningu tilkynningar sjóðsins um styrkveitingu. Hafi undirritaður samningur ekki borist Orkusjóði

tilgreinds frests er litið svo á að ekki verði af framkvæmd verkefnisins og fellur þá styrkveitingin niður án frekari tilkynningar af hálfu Orkusjóðs.

Styrkþega ber að fara að þeim forsendum sem settar voru fram í styrkumsókn og fylgigögnum hennar. Verði vikið frá þeim án skriflegs samþykkis Orkusjóðs, eru greiðslur styrksins stöðvaðar. Þetta á við um allar áætlanir um verkefnið og framkvæmd þess, tímasetningar, fjármögnun og annað er máli skiptir og haft getur áhrif á áætluð markmið verkefnisins og niðurstöður. Ósamþykkt frávík af hálfu styrkþega geta þannig leitt til þess að styrkveiting falli niður og að krafa verði gerð um endurgreiðslu.

Styrkþega ber að fara eftir framlögðum áætlunum, með mögulegum síðari breytingum. Komi í ljós við yfirferð Orkusjóðs á greinargerð um verklok ásamt endanlegu kostnaðaruppgjöri, að ekki hefur verið unnið eftir framlögðum áætlunum og/eða samþykktum breytingum á þeim við vinnslu verkefnisins getur það leitt til niðurfellingar styrksins að hluta til eða öllu leyti og endurgreiðslukröfu á hendur styrkþega.

#### 5. gr. Eftirlit með verkefninu

Orkusjóður getur óskað nauðsynlegra gagna á gildistíma samningsins til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir reglum þeim er fyrir styrkveitingunni voru settar svo og á grundvelli samnings þessa.

#### 6. gr. Meðferð ágreinings

Komi upp ágreiningsefni um framkvæmd samnings þessa skulu aðilar leitast við að jafna hann án aðkomu dómstóla en ef ljóst þykir að ágreiningsefnið verður ekki leitt til lykta er heimilt að bera samninginn undir héraðsdóm Norðurlands Eystra.

#### 7. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki. Samningurinn gildir frá undirritunardegi og fellur hann sjálfkrafa úr gildi þegar lokaskýrslu hefur verið skilað, hún samþykkt og lokagreiðsla styrkuppþæðarinnar innt afhendi.

Akureyri 24.1.2022

---

F.h. Norðurþings

---

F.h. Orkusjóðs Ragnar K Ásmundsson